

VIÐAR TRÉVÖR

- Gerð:** Vatnsþynnt viðarolía.
- Notkunarvið:** VIÐAR TRÉVÖRN er ætluð til notkunar utanhúss, einungis á nýjan eða ómálaðan við, fyrir málun með VIÐAR GRUNNMÁLNINGU, VIÐAR HÁLFÞEKJANDI viðarvörn eða VIÐAR ÞEKJANDI viðarvörn.
- Eiginleikar:** VIÐAR trévörn er öflug vatnsþynnanleg viðarvörn sem inniheldur sérhannaðar olíur sem smjúga vel og bæta viðloðun, verja viðinn gegn upptöku á raka og sveppamyndun. VIÐAR TRÉVÖRN er einfaldur í notkun og minnkar losun á lífrænum leysum samanborið við klassíska viðarvörn.

TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR

Stofnar:	Á ekki við
Litir:	Á ekki við
Gljástig:	Á ekki við
Efnisnotkun:	4-6 m ² /l óheflaður viður 6-10 m ² /l heflaður viður
Pakkningar:	0.5 l, 1.0 l og 4.0 l
Áhöld:	Pensill, rúlla eða sprauta.
Purrktími og yfirmálun:	Snertipurt eftir um 2-4 klst. Yfirmálun oftast næsta dag.
Eðlismassi:	~1,0 g/ml
Purrefni:	~20%
Geymsla:	Geymið í lokuðum umbúðum dimmum og svölum stað. Má ekki frjósa.
VOC:	Skv. reglugerð 1025/2005 þá eru viðmiðunarmörk VOC fyrir þessa vöru fl. A/f 130 g/l (2010). Varan inniheldur að hámarki 10 g/l

VERKLÝSING

- Undirbúningur:** Fjarlægið öll óhreinindi og gróður með viðeigandi efnum. Viðarkvoðu skal skafa burt og þrifa. Fjarlægið lausa gamla málningu, gráma og fúinn við. Mattið gljáandi fleti. Rakastig viðarins skal vera undir 18% við málun.
- Notkunar aðstæður:** Heppilegast er að flöturinn sé yfir 5°C og ekki heitari en 25°C. Loftraki þarf að vera undi 80%. Bíðið með notkun ef búast má við rigningu eða ef aðstæður eru óhentugar fyrir notkun.
- Vinnutilhögun:** Fyrir notkun skal hræra upp í viðarvörninni. Notið pensil, rúllu eða sprautu. Mettið viðinn vel og farið meira en eina umferð ef viðurinn er mjög sjúgandi. Þurrkið umfram magn af viðnum. Athugið sérstaklega að metta alla viðarenda, samskeyti og álagsfleti.
- Hreinsun áhald:** Með volgu sápuvatni eða penslasápu strax eftir notkun.
- Athugið:** Eftir opnun minnkar geymsluþol. Berið aðeins á nýjan eða ómálaðan við. Klúta vætta í VIÐAR TRÉVÖRN ætti að metta með vatni vegna hættu á sjálfsíkveikju. Inniheldur sæfiefni til að verja þurra filmu. Sæfiefnið inniheldur IPBC. Góð undirvinna er jafnan forsenda góðs árangurs.